

Alþingi
Erindi nr. D 120/1797
komudagur 215 1996

Frumvarp til upplýsingalaga

2. mgr. 8. gr. frumvarpsins orðist svo:

Veita skal aðgang að öðrum gögnum sem 4.-6. gr. taka til þegar liðin eru þrjátíu ár frá því gögn urðu til, að frátöldum upplýsingum er varða einkamálefni einstaklinga en aðgang að þeim skal fyrst veita að áttatíu árum liðnum frá því þau urðu til. [Þetta gildir þó ekki um sjúkraskrár, skýrslur sálfræðinga eða félagsráðgjafa. Úrskurðarnefnd um upplýsingamál er þó heimilt að veita aðgang að slíkum skýrslum og sjúkraskráum til rannsókna eftir að þær hafa verið afhentar skjalasafni. Nefndin bindur slíkt leyfi þeim skilyrðum sem hún metur nauðsynleg hverju sinni.]